



- Þjónusta Staðlaráðs -

## Allir staðlar á einum stað



Anna Þóra og Anna María Lind útoega viðskiptavinum Staðlaráðs alla heimsins staðla – með bros á vör.

**S**taðlaráð Íslands er hvorki elsta né fjölmennasta staðlastofnun Evrópu. Við leggjum okkur hins vegar fram um að þjóna viðskiptavinum af kostgæfni. Markmiðið er að viðskiptavinir okkar geti á einum stað fengið alla heimsins staðla.

### Allir staðlar

Það er sama hvort málið snýst um íslenska eða evrópska staðla, þjóðarstaðla einstakra landa eða alþjóðlega staðla, Staðlaráð Íslands útvegar þá.

Íslenska og evrópska staðla og frumvörp að stöðlum er fyrirhafnarminnst, fljótlegast og öruggast að finna og panta í Staðlabúðinni á heimasíðu Staðlaráðs, [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is). Þar er hægt að fletta upp á stöðlum og frumvörpum á einfaldan hátt eftir númeri eða orði úr heiti, líkt og útskýrt er á öðrum stað í þessu fréttabréfi.

Alþjóðlega staðla borgar sig að panta hjá Staðlaráði í síma 520 7150. Við bjóðum verð sem er mjög oft lægra en verð alþjóðlegu staðlastofnananna, stundum jafnhátt, en aldrei hærra. Við eigum alla alþjóðlega staðla á

lager; viðskiptavinir okkar geta komið við og sótt þá eða fengið þá póstlagða samdægurs.

Þjóðarstaðla annarra landa en Íslands, svo sem danska, þýska, breska, sænska eða norska staðla, er hægt að panta af vef Staðlaráðs með því að fylla út pöntunareyðublað í Staðlabúðinni, „þjóðarstaðlar“. Þjóðarstaðla má líka panta í síma 520 7150. Staðlaráð á staðla allra fyrrmefndra landa á lager og getur afgreitt þá strax.

### Rétti staðallinn

Staðlaráð getur útvegað hvaða staðal sem vera vill. Hins vegar eru viðskiptavinir ekki alltaf vissir um hvers þeir þarfnast, hvaða staðlar muni henta þeim best, eða hvaða staðlar séu til á tilteknu sviði. Staðlaráð hefur aðgang að gagnagrunninum PERINORM, sem hefur að geyma alþjóðlega staðla, staðla helstu Evrópuþjóða og fleiri landa. Viðskiptavinum okkar býðst að koma og leita í þessum gagnagrunni sér að kostnaðarlausu.

Síðast en ekki síst er hægt að koma í heimsókn, setjast niður og skoða staðla í róleigheitum. Við tökum vel á móti öllum.

## - Fyrir innflytjendur og framleiðendur - CE-merking véla

Staðlaráð Íslands heldur námskeið um CE-merkingu véla 20. og 21. febrúar. Markmiðið er að þátttakendur verði færir um að greina hvort vörur falli undir vélatilskipun ESB og læri hvernig á að CE-merkja slíkar vörur.

Meðal efnis á námskeiðinu:

- Þýðing og mikilvægi CE-merkisins
- Nýja aðferðin
- CE-merkingar – tengsl tilskipana og staðla
- Samræmismat
- Samræmisfirlýsing framleiðanda / Ábyrgð innflytjanda
- Vélatilskipunin – hættulegar vélar
- Eigið samræmismat framleiðanda / Hlutverk innflytjanda
- CE-merkið sett á vél

Nánari upplýsingar og skráning á vef Staðlaráðs, [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is), eða í síma 520 7150. Hámarksfjöldi þátttakenda 12 manns.

Staðlar borga sig - bls. 2

Rafrænt Ísland - bls. 3

Steypustaðlar á íslensku? - bls. 5

- Staðlar borga sig -

# Ódýrir og verðmætir

Þeir sem nota staðla eru yfirleitt ekki í vafa um gagnsemi þeirra, líta á staðla sem verkfæri og kvarta sjaldnast undan verðinu. Staðlaráð býður enda viðskiptavininum sínum hagstæðari kjör en staðla stofnanir þeirra landa sem við gjarna miðum okkur við. Verð á stöðlum á Íslandi er yfirleitt alltaf lægra og oft miklu lægra í slíkum samanburði.

## Reyfarakaup

Kjarnastaðlarnir í ISO 9000 röðinni eru lýsandi dæmi. Viðskiptavinir Staðlaráðs fá staðlana á ensku og íslensku í sömu útgáfunni, á sama verði og enska útgáfan frá ISO kostar ein og sér. Þeir fá íslenska þýðingu staðlanna með öðrum orðum frítt.

Verð ISO 9000 staðlanna í íslenskri þýðingu er sem sagt hið sama og listaverð frá ISO, þrátt fyrir hinn smáa íslenska markað. Þegar þetta er skrifað kosta kjarnastaðlarnir þrjár um það bil 25.000 kr., en verð þeirra er háð gengi. Einhverjum kann að þykja það mikið en við hjá Staðlaráði segjum að það séu reyfarakaup. Þá erum við ekki með hugann



Staðlar eru peninganna virði

við smæð íslenska markaðarins eða þá vinnu sem lögð hefur verið í þýðingu og útgáfu staðlanna, heldur þau verðmæti sem er að finna í stöðlunum, þau verðmæti sem viðskiptavinurinn er að fá í hendur með kaupnum.

## Virði staðla

Á ráðstefnu um ISO 9000 staðlana sem haldin var síðastliðið haust sagði Bergsteinn

Einarsson, forstjóri Sets hf., meðal annars:

„Það er erfitt að leggja nákvæmt mat á hvað fyrirtækið hefur grætt á því að hafa tileinkað sér vinnubrögð gæðastjórnunar. Umsvif hafa aukist gríðarlega og fyrirtækið hefur staðist innlenda og erlenda samkeppni eins vel og unnt er. ... Aðstaða, tækni, hráefni og mannaflí, á öllum þessum sviðum hafa orðið framfarir. ... Ég hvet fyrirtæki sem huga vilja að þessum málum, til að fara yfirvegað í sakirnar og ætla sér ekki of stuttan tíma í verkefni. Þau byrja að skila árangri á meðan á þróun stendur. Reynsla okkar er sú, að fyrirtækið væri tæplega til í dag ef það hefði ekki tileinkað sér vinnubrögð altækrar gæðastjórnunar.“ (Sjá erindi Bergsteins á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is)).

Af orðum Bergsteins er ljóst að farsælt gæðastjórnunarkerfi krefst mikillar vinnu og fjárfestinga, en það er líka eftir miklu að slægjast. Verð ISO 9000-staðlanna – sem allt byggist þó á – er hreinir smámunir í því samhengi.

Svipaða sögu mætti segja af öðrum stöðlum. Staðlar einfaldlega margborga sig.

- Námskeið Staðlaráðs -

## ISO 9000, vélar og lækningatæki

Námskeið Staðlaráðs hafa hlotið frábærar undirtektir. Þegar eru í boði námskeið um kjarnastaðlana í ISO 9000 röðinni, um CE-merkingu véla og námskeið um CE-merkingu lækningatækja. Námskeiðin eru öllum opin, en Staðlaráð hefur jafnframt haldið sérnámskeið fyrir fyrir félagasamtök og fyrirtæki.

### Næstu námskeið

- 20. og 21. febrúar: *CE-merking véla – Hvað á að gera og hvernig?*

Fyrir framleiðendur og innflytjendur véla. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur

ur verði færir um að greina hvort vörur falli undir véltilskipun ESB og læri hvernig á að CE-merkja slíkar vörur.

- 14. og 15. mars: *CE-merking lækningatækja – Þýðing og mikilvægi CE-merkisins.*

Ætlað starfsfólki í heilbrigðisþjónustu, innflytjendum og framleiðendum lækningatækja. Markmiðið er að þátttakendur þekki grundvallarhugmyndina að baki CE-merkinu, geti greint hvort tiltekna vörur til nota á heilbrigðissviði eigi að bera merkið og skilji þýðingu CE-merkisins fyrir lækningatæki.

- 22. mars: *ISO 9000:2000 gæðastjórnunarstaðlarnir – Lykilatriði, uppbygging og notkun.*

Fyrir þá sem vilja læra á nýja útgáfu ISO 9000 gæðastjórnunarstaðlanna. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur geti gert grein fyrir megináherslum og uppbyggingu kjarnastaðlanna í ISO 9000 röðinni og þekki hvernig hægt er að beita þeim við að koma á og viðhalda gæðastjórnunarkerfi.

Nánari upplýsingar um námskeið Staðlaráðs eru á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is).

- ISO 9000 gæðastjórnun -

# Samskipti í brennidepli

Það eru engin ný sannindi að viðskiptavinurinn ráði, þegar allt kemur til alls, gæfu og gengi fyrirtækja. Þess vegna er í gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001:2000 gert ráð fyrir að viðskiptavinurinn sé bæði upphaf og endir allra athafna fyrirtækisins. Í því felst að samskipti við viðskiptavininn eru afar mikilvæg.

## Parfir

Fyrirtæki sem vinna samkvæmt kröfum ISO 9001 skuldbinda sig til að

- nema þarfir og óskir viðskiptavinarins,
- skilgreina kröfur í samræmi við þarfirnar,
- skipuleggja starfsemina í samræmi við kröfurnar,
- og sannprófa ánægju viðskiptavinarins með vörur og þjónustu fyrirtækisins.

Þegar framköllunarferli vöru er skilgreint (kaflí 7, Framköllunarferli vöru) er viðskiptavinurinn í brennidepli (undirkaflí 7.2, Ferli tengd viðskiptavininum). Í ISO 9001 er ekki látið nægja að ganga tryggilega frá tæknilegum þáttum samningagerðar í viðskiptum, svo sem að meta kröfur viðskiptavinarins og rýna skjöl samningsgerðarinnar, heldur þarf að huga að öllum samskiptum fyrirtækisins við viðskiptavininn.

## Samskipti

Samskipti fyrirtækja og viðskiptavina hefjast

oft áður en bein tengsl verða milli þeirra. Auglýsingar, vörulistar, heimasíður og aðrar aðferðir við kynningu eru samskiptaleiðir sem geta vakið væntingar viðskiptavinarins. Ef allt gengur að óskum hefjast síðan bein samskipti, ef svo má segja, sem leiða betur í ljós hvernig tiltekin vara eða þjónusta geti uppfyllt þarfir/óskir viðskiptavinarins. Samskipti skipta þess vegna orðið mun meira máli en áður, þ.e. hvernig fyrirtækið tengir sig við umhverfið, bæði á samfélagslegum og viðskiptalegum grunni.

## Fram úr væntingum

Hugmyndafræðin í nýrri útgáfu ISO 9000:2000 gæðastjórnunarstaðlanna gengur út frá því að tilvera fyrirtækja grundvallist algjörlega á því að láta í té lausnir er henta þörfum/óskum viðskiptavina. „Áhersla á viðskiptavininn“, er orðin ein af meginreglum gæðastjórnunar (ISO 9000:2000: kaflí 0.2 Meginreglur gæðastjórnunar). Ekki er látið nægja að leggja áherslu á lykilhutverk viðskiptavinarins, heldur er markmiðið að fara fram úr væntingum hans. Fyrirtækið verður þannig að taka mið af kröfum sem ekki eru endilega settar beint fram af viðskiptavininum, en eru mikilvægar ef takast á að gera hann raunverulega ánægðan með viðskiptin.

## „Vara“ og þjónusta

Að veita þjónustu er í grundvallaratriðum



Sveinn V. Ólafsson

ólíkt því að framleiða áþreifarlega vöru, þar sem samskipti eru órjúfanlegur þáttur þess að veita þjónustu. Þegar viðskiptavinurinn kaupir þjónustu, verður hann óaðskiljanlegur hluti þjónustunnar. Án hans verður þjónustan ekki veitt. Viðskiptavinurinn er alltaf nálægur, hvort sem framlag hans takmarkast við einfalda útskýringu á kröfum sínum eða hann verður hluti af starfsliði fyrirtækisins tímabundið, t.d. við sjálfsafgreiðslu.

Sameiginlegt þeim aðstæðum sem lýst er hér að framan, er mikilvægi samskipta. Í nýrri útgáfu ISO 9000:2000 gæðastjórnunarstaðlanna er tekið mið af því.

Sveinn V. Ólafsson,  
verkfræðingur hjá Staðlaráði Íslands

- SARÍS -

# Samráð um rafrænt Ísland

SARÍS – *Samráð um rafrænt Ísland* er heiti nýstofnaðs samráðsvettvangs um rafræn viðskipti í íslensku atvinnulífi. Megináhersla er á að stuðla að stöðlun og samræmingu í rafrænum viðskiptum fyrirtækja og stofnana.

Stofnfundur SARÍS var 17. janúar sl. Auk Staðlaráðs Íslands og FUT, fagráðs í upp-

lýsingatækni, eru stofnfélagar vettvangsins Skýrslutæknifélag Íslands; EAN á Íslandi og ICEPRO, nefnd um rafræn viðskipti. Meginmarkmið SARÍS er að koma Íslandi í fremstu röð meðal þjóða sem hagnýta sér rafræn viðskipti, hvort sem lítið er til almennings, atvinnulífs eða stjórnsýslu. Nánari upplýsingar um SARÍS er að finna á [www.saris.is](http://www.saris.is).

## Ráðstefna og SARÍS-dagur

SARÍS efnir til ráðstefnu 18. apríl sem skipulögð verður af Skýrslutæknifélaginu. Vinnuheit ráðstefnunnar er „Öryggi og traust í rafrænum viðskiptum“. Unnið er að útfærslu hugmyndaðar að SARÍS-degi 17. apríl, þar sem fyrirtæki og samtök á sviði rafrænna viðskipta myndu kynna starfsemi sína.

# Pantið staðla á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is)

Í staðlabúðinni má meðal annars finna log panta alla gildandi íslenska staðla, evrópska staðla og frumvörp að íslenskum og evrópskum stöðlum. Pantanir eru póstagðar samdægurs eða næsta virka dag.

Við hvetjum viðskiptavinum okkar eindregið til að panta gegnum Staðlabúðina á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is). Það er í senn einfalt og öruggt, en hikið ekki við að hringja í síma 520 7150 til að fá aðstoð.

## Einföld leit

Til að finna staðal nægir að slá inn númer hans í viðeigandi reit. Einnig er hægt að leita eftir orði, samfelldum streng úr íslensku eða ensku heiti staðalsins.

Ef hlutanúmer (partnumber) er notað við leit, er haft bil milli þess og númers staðals. Þannig þyrfti til dæmis að slá inn 61000 [bil]-4-02 til að finna staðalinn ÍST EN 61000-4-02. Ef hlutanúmeri er sleppt við leit finnast allir hlutar tiltekns staðals.

## Að panta

Til að panta fundinn staðal eða frumvarp er smellt á [Í körfu]. Þá fer eitt eintak í innkaupakörfuna. Ef óskað er eftir fleiri ein-

tökum af sama er einfaldlega smellt aftur á [Í körfu]. Til að ganga frá pöntun og fá heildaryfirlit yfir pöntun er smellt á [Skoða pöntun].

Nánari upplýsingar er að finna á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is), en þetta er í raun allt sem þarf til að finna og panta tiltekinn staðal eða frumvarp. Í sumum tilfellum vilja viðskiptavinir þó eiga kost á flóknari aðgerðum.

## Ítarleg leit

Með því að smella á númer fundins staðals eða frumvarps má fá viðbótarupplýsingar, svo sem um hvaða tækninefnd og efnisflokkum (ICS) staðallinn eða frumvarpið tilheyrir, hvenær staðall var samþykktur og umsagnarfrest frumvarps.

## Leit eftir efnisflokkum (ICS) – Dæmi

Með því að leita eftir efnisflokkum má finna til dæmis staðla á afmörkuðu sviði. Staðallinn ÍST 30 Almennir útboðs- og samnings-skilmálar um verkframkvæmdir tilheyrir efnisflokkum 03.100. Með því að leita eftir þeim efnisflokkum má finna staðla og frumvörp sem fjalla um svipað efni og ÍST 30.

ATH: Við leit er núlli sleppt þar sem það

kemur fyrir fremst í efnisflokkum. Til að finna allt í efnisflokkum 03.100 er þannig leitað eftir „3.100“.

Hægt er að leita eftir efnisflokkum með allt að þremur aukastöfum. Til dæmis „91.040“. Ef finna á allt sem heyrir undir tiltekinn yfirflokk, t.d. 91, er höfð stjarna [\*] á eftir: „91\*“

Hægt er að þrengja leit með því að leita eftir tilteknum efnisflokkum og orði, samfelldum streng úr heiti staðals eða frumvarps, samtímis. Dæmi: Efnisflokkur „77.140“ og orðið „pressure“. Eða yfirflokkur „77\*“ og orðið „pressure“.

Efnisflokkur staðals eða frumvarps er yfirleitt að finna á forsiðu þeirra, ef menn hafa eintak við höndina. Eins má finna efnisflokk fundins staðals eða frumvarps í niðurstöðu leitar á vefnum með því að smella á númer staðalsins eða frumvarpsins.

## Leit eftir tækninefndum – Dæmi


Til að finna staðla og frumvörp sem heyra undir tiltekna tækninefnd er auðkenni nefndarinnar og númer slegið inn. Dæmi: „cen tc 154“.

Upplýsingar um tækninefnd sem staðall heyrir undir er að finna í staðlinum sjálfum, venjulega í formála. Eins má finna tækninefnd í niðurstöðu leitar með því að smella á númer fundins staðals eða frumvarps.

Hægt er að þrengja leit með því að leita eftir tiltekinni tækninefnd og orði (samfelldum streng) úr heiti samtímis. Dæmi: Tækninefndin „eciss tc 22“ og orð úr heiti; „pressure“

## Staðlatíðindi

Á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is) er einnig að finna Staðlatíðindi. Þar eru birtar auglýsingar um nýja staðla, frumvörp að stöðlum og niðurfellda staðla. Staðlatíðindi koma út um það bil 10 sinnum á ári og eru ómissandi fyrir þá sem vilja á einfaldan hátt fylgjast með stöðlum á sínum sérsviðum. Þeir sem fara á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is) geta sent inn nafn og tölvupóstfang og fengið tilkynningu í hvert sinn sem Staðlatíðindi koma út.



Það er í senn fljótlegt og öruggt að panta staðla á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is). Pantanir eru póstagðar samdægurs eða næsta virka dag.



– Þýðing á stöðlum um steinsteypu –

# Ræðst af áhuga byggingariðnaðarins

Staðlaráð Íslands, í samstarfi við Byggingarstaðlaráð og Samtök iðnaðarins, er að kanna áhuga byggingariðnaðarins og annarra hagsmunaaðila á íslenski þýðingu tveggja staðla um steinsteypu. Um er að ræða annars vegar staðalinn ÍST EN 206-1 *Concrete – Part 1: Specification, performance, production and conformity*, og hins vegar forstaðalinn FS ENV 13670-1 *Execution of concrete structures – Part 1: Common*.

## Steypustaðlarnir

ÍST EN 206-1:2000 *Concrete – Part 1: Specification, performance, production and conformity*, sem kemur í stað ENV 206:1990. Hann var staðfestur sem íslenskur staðall 30. júní 2001. Aðra íslenska staðla um sama efni, sem stangast að einhverju leyti á við ÍST EN 206-1, verður að fella úr gildi í síðasta lagi 30. júní 2002.

Í staðlinum er kveðið á um kröfur til steypu í staðsteyptar byggingar, forsteyptar byggingareiningar og steypa hluta í byggingar og mannvirki. Steypa getur verið blönduð á byggingarstað, í steypustöð eða í verksmiðju sem framleiðir steypar einingar.

Staðallinn kveður m.a. á um efni til notkunar í steinsteypu, eiginleika ferskrar og harðnaðrar steypu og hvernig þessir eiginleikar eru sannprófaðir, afhendingu ferskrar steypu, framleiðsluefirlit og samræmismat.

FS ENV 13670-1:2000 *Execution of concrete structures – Common* kemur að hluta til í stað ENV 206:1990. Hann var staðfestur sem íslenskur forstaðall 1. febrúar 2000. Þar sem þetta er forstaðall geta aðrir staðlar um sama efni gilt áfram.

Í staðlinum er kveðið á um kröfur fyrir steinsteypuframkvæmdir, sér í lagi fyrir steinsteypuvirki sem hönnuð eru samkvæmt FS

ENV 1992-1 (Eurocode 2) og steinsteypuhluta samsettra virkja sem hönnuð eru samkvæmt FS ENV 1994-1 (Eurocode 4).

Staðallinn tilgreinir m.a. kröfur um gerð, uppslátt og fráslátt móta, jámbendingu, forspennt steypuvirki, niðurlagningu og aðhlúun steypu, steypuframkvæmdir með forsteyptum og staðsteyptum einingum, þolvik og skoðun.

## Þýddir eða ekki

Hvort af þýðingu staðlanna verður eða ekki ræðst eingöngu af áhuga og stuðningi hagsmunaaðila. Það mun koma í ljós á næstu vikum hvort íslenskur byggingariðnaður telur þörf á þýðingu þeirra eða ekki. Þeir sem ekki hafa enn fengið tækifæri til að segja álit sitt geta haft samband við Guðrúnu Rögnvaldardóttur hjá Staðlaráði Íslands í síma 520 7150.

– Rafstaðlaráð –

# Spennandi verkefni

Unnið er að spennandi verkefnum á vegum Rafstaðlaráðs, innan þeirra þriggja tækninefnda sem starfa á vegum ráðsins.

## Verkefni tækninefnda

Ein tækninefndin vinnur að gerð staðals um staðsetningu raflagna í íbúðum. Verkefnið var kynnt fyrir aðilum CENELEC og sýndu þrjár þjóðir áhuga á að fylgjast með því. Verkinu er að ljúka og er staðallinn, sem fengið hefur

númerið ÍST 150, að komast á frumvarpsstig.

Önnur tækninefnd vinnur að handbók um gerð gagna til notkunar á raftæknisviði, en þar er m.a. átt við raftæknitákn, raflagna-teikningar o.fl. Fjöldi fyrirtækja hefur boðist til að leggja fram vinnu og efni til handbókarinnar. Bókin er ætluð fyrir tæknimenn á raftæknisviðinu auk þess að nýtast við kennslu. Vonast er til að bókin komi út haustið 2002.

Þriðja tækninefndin hefur með höndum að samræma og skýra kröfur um gerð öryggis-kerfa, auk þess að fylgjast með evrópsku staðlastarfi á þessu sviði.

## Nýr liðsmaður

Sigurður Sigurðarson tæknifræðingur var á liðnu sumri ráðinn verkefnisstjóri á sviði raftækni til Staðlaráðs Íslands. Hann er einnig ritari fyrir Rafstaðlaráð.



– Ráðstefnur og málþing 27. febrúar til 3. mars –

## Construct North

Samtök iðnaðarins og samstarfsaðilar efna til málþings og ráðstefna á Grand Hótel og fagsýningar og fyrirlestradaga í Laugardalshöll undir yfirskriftinni *Construct North – hönnun, tækni og mannvirkjagerð á norðurslóðum*. Að baki efnistöfum og þema CN liggur stefnumótun og framtíðarsýn íslensks byggingariðnaðar árið 2005 sem fjölmörg fyrirtæki og fagfélög innan SI tóku þátt í að móta.

### Gæðastjórnun og CE


Fyrir verktaka í byggingariðnaði, stjórnendur opinberra fyrirtækja og áhugafólk um gæðastjórnun er ástæða til að benda sérstaklega á ráðstefnu á Grand Hótel miðvikudaginn 27. febrúar kl. 13:00. Þar mun kunnáttufólk fjalla um áhrif gæðastjórnunar í rekstri ríkis og sveitarfélaga. Meðal annars verður rætt um þýðingu þess að stór opinber fyrirtæki eru hvert á fætur öðru að taka upp ISO 9000 gæðastjórnun og væntanlegar kröfur fyrir-tækjanna til verktaka í framhaldi af því.



*Allir sem tengjast opinberum framkvæmdum eða byggingariðnaði eiga erindi á CONSTRUCT NORTH.*

Þá verður mikilvæg ráðstefna 1. mars á Grand Hótel undir heitinu „Markaðsaðgangur að Evrópska efnahagssvæðinu og reglur um CE-merkingar vöru.“

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Construct North, [www.mannvirki.is](http://www.mannvirki.is). Þar er jafnframt hægt að skrá sig á einstaka viðburði.



## Staðlar léttu þér lífið...

... þegar þú kaupir eða selur eftir vigt

Staðallinn ÍST EN 45501:1992 *Mælifræðilegir eiginleikar vogarbúnaðar sem er ekki sjálfvirkur* skilgreinir kröfur til voga af öllu tagi sem notaðar eru í verslunum.

Fjölmörgum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjörtur Hjartarson.